

NES FRÉTTIR

AUGLÝSINGASÍMI
511 1188

APRÍL 2017 • 4. TBL. • 30. ÁRG.



Vesturbæjarútibú við Hagatorg

**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345

Kvöldmáltíðin í Seltjarnarneskirkju



Kvöldmáltíðargestir sitja til borðs í Seltjarnarneskirkju á skirdagskvöld.

Á skirdag var sú nýbreytni tekin upp í Seltjarnarneskirkju, að efnt var til kvöldmáltíðar í kirkjunni kl. 18 og þannig minnst síðustu kvöldmáltíðar Jesú Krists með lærisveinum sínum.

Sr. Bjarni Þór Bjarnason sóknarprestur setti fram þessa hugmynd sem er að danski fyrirmynd og fékk hún eindreginn stuðning sóknarnefndar. Lagt var á borð fyrir 54 og gestirnir urðu 51. „Þetta var ákaflega hátíðleg stund,“ segir séra Bjarni.

Orðin er föst og vinsæl venja að lesa alla 50 Passíusálma séra Hallgríms Péturssonar upp í Seltjarnarneskirkju á Föstudaginn langa. Hópur karla og kvenna á öllum aldri las þá. Fögur tónlist var flutt í hléum á milli lestrana.

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

**Slökkvitækja-
þjónustan**

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

Systrasamlagið

Óðinsgata 1 - Reykjavík
Sími: 511 6367

**Erum á
Óðinsgötu 1**

Mán. - fös.: 9 - 18.
Laugardagar: 10 - 16.

sjá nánar á www.facebook.com/Systrasamlagid
www.systrasamlagid.is



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

ÓKEYPIS
GREIÐSLUMAT
Á NETINU

 HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka
er endurgjaldslaust til ársloka

 Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórunn Ingimarsson
UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is
Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Gróttta 50 ára

Íþróttafélagið Gróttta á 50 ára afmæli um þessar mundir. Upphaf Grótttu má rekja til þess að Garðar Guðmundsson mikill áhugamaður um knattspyrnu kallaði nokkra drengi saman á Seltjarnarnesi árið 1966 og hóf skipulagðar fótboltaæfingar um sumarið. Upp úr því var félagið stofnað með formlegum hætti 24. apríl árið 1967 í samkomusal Mýrarhúsaskóla. Því má segja að Garðar sé faðir Grótttu.

Gróttta hefur sett mikinn svip á líf Seltirninga þá hálfu öld sem félagið hefur starfað. Í fyrstu var það ekki deildarskipt en í dag starfrækir það fjórar deildir; fótbolta, handbolta, fimleika og kraftlyftingar. Á síðasta ári voru gerðir tveir samningar; samstarfssamningur við Seltjarnarnesbæ þar sem framlag til félagsins var hækkað og einnig samningur við Reykjavíkurborg um samnýtingu á aðstöðu fyrir fimleikafólk. Báðir þessir samningar hafa mikið að segja fyrir starf félagsins – ekki síst fimleikastarfið því samningurinn við Reykjavík gerir kleyft að ráðast í miklar endurbætur á íþrótt- og þá einkum fimleikaðstöðu félagsins.

Eigi þarf að draga í efa að starf Grótttu á drjúgan þátt í því hversu vel hefur tekist til í uppeldismálum á Seltjarnarnesi. Í þessu tölublaði er spjallað við Elínu Smáradóttur formanns íþróttfélagsins Grótttu. Hún ræðir meðal annars um að varla finnst dæmi um vímuefnanotkun ungmenna á Nesinu. Þar á Gróttta sinn hlut að máli en einnig öflugt skóla- og félagsstarf auk samtaka foreldra. Hún nefnir einnig í viðtalinu hversu bæði umhverfi og mannlífi sé gott til þess að ala börn upp. Hún segist hafa veitt athygli að fólk snúi aftur eftir að hafa flutt burt vegna náms, atvinnu eða af öðrum ástæðum.

Hversu langt sem Garðar Guðmundsson skyggndist inn í framtíðina þegar hann kallaði strákana á Nesinu saman til að spila fótbolta fyrir hálfri öld er víst að hann sá íþróttastarfið bæði í ljósi ánægju og ekki síður sem þátt í góðu uppeldi.

Reykjavík er bundin af að takmarka ekki umferð af Seltjarnarnesi



Bæjaryfirvöld á Seltjarnarnesi hafa ítrekað lýst áhyggjum af þróun umferðarmála í vesturhluta höfuðborgarsvæðisins og lagt áherslu á að tryggð verði greið og örugg umferð bifreiða um borgarhlutann sem sé jafnt í þágu íbúa á Seltjarnarnesi og í Reykjavík. Nokkrar umræður hafa verið manna á meðan á Seltjarnarnesi að undanförunu um hvernig íbúum Seltjarnarness verði tryggður aðgangur að Reykjavík og öðrum búsvæðum landsins.

Þær hafa einkum verið í ljósi umfjöllunar um heildarendurskoðun á svæðaskipulagi höfuðborgarsvæðisins og hugmynda um fækkun stofnbrauta í Reykjavík vestanverðri. Samkvæmt yfirlýsingu undirritaðri af Jóni Gnarr þáverandi borgarstjóra í Reykjavík og Ásgerðar Halldórsdóttir bæjarstjóra á Seltjarnarnesi frá því 12. nóvember árið 2013 er Reykjavíkurborg skuldbundin því að takmarka ekki umferð af Seltjarnarnesi til Reykjavíkur.

Í yfirlýsingunni segir að akreinum verði ekki fækkað á stofnbrautum vestan Kringlumýrarbrautar heldur brugðist við þéttingu byggðar, fjölgun íbúða og auknum atvinnurekstri með betri samgönguæðum eftir því sem reynslan kann að kalla eftir. Að akreinum verði ekki fækkað á Mýrargötu/Geirsgötu nema í samkomulagi við Seltjarnarnes og eftir að greið og örugg umferð hefur verið tryggð á annan hátt. Samráð verði haft um útfærslu hjólastiga á götum sem einkum eru nýttar af íbúum beggja

sveitarfélaganna með það að markmiði að gott net hjóleiðastíga tengi sveitarfélögin. Við heildarendurskoðun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins skuli meðan annars fjallað um; að gerð verði sérstök greining á flóttaleiðum og rýmingaráætlun fyrir vestur hluta höfuðborgarsvæðisins sem höfð verði til hliðsjónar við skipulagsgerðina. Að framtíðarstaðsetning olíuhafnar fyrir höfuðborgarsvæðið verði tekin til sérstakrar skoðunar og áhættumats ásamt viðeigandi ráðstöfunum. Að lokum að stofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins verði tekið til skoðunar í heildarendurskoðun svæðisskipulags þar sem álag á gatnakerfið verður metið allt til ársins 2040 og að hugmyndir um nýja austur vestur tengingu t.d. í formi jarðganga verði teknar til sérstakrar athugunar í því sambandi.

 HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



 Finndu okkur á Facebook

Nesbíúinn



Hvenær kemur bíla-
stæðishúsið við sundlauginna?



HEILSUDAGAR Á SELTJARNARNESI 2017

4.-7. MAÍ

ÍTS í samstarfi við aðildarfélög tengd heilsu og hreyfingu á Seltjarnarnesi bjóða bæjarbúum á heilsudaga 4.-7. maí n.k. Fjölbreytt dagskrá í boði þar sem allir ættu að finna sér eitthvað við hæfi. Allir velkomnir og frítt á alla viðburði*

Fimmtudagur 4. maí

Kl: 14.30 Ókeypis í Jiu Jitsu kennslu í Hreyfilandi, Eiðistorgi.

Kl: 16-19 Opið hús hjá Balletskóla Guðbjargar.

Föstudagur 5. maí

Kl: 10-12 Opið hús í Hreyfilandi, Eiðistorgi. Sérstaklega ætlað tilvonandi foreldrum sem og nýbökuðum foreldrum.

Kl: 17-19 Opinn tími í Fit Kid, dans/styrkur/pól fyrir krakka frá 6 ára aldri.

Laugardagur 6. maí

Frítt í Seltjarnarneslaug allan daginn.

Opið hús í World Class og frítt í alla tíma allan daginn.

Opið hús hjá Björgunarsveitinni Ársæl í Gaujabúð og kynning á unglíngastarfi sveitarinnar. Til sýnis verða ýmis björgunartæki.

Kl: 11.00 Neshlaupið.

Kl: 15.00 Sýning í íþróttahúsinu með Hreyfilandi, World Class, Balletskóla Guðbjargar og Dansskóla Brynju Björns og fimleikadeild Gróttu.

Sunnudagur 10. maí

Kl: 9-10 Samflot – flotslökun í sundlaug Seltjarnarness.

Opið hús í félagsstarfi aldraðra Skólabraut 3-5

4. maí Kaffikrókur kl: 10.30

4. maí Jógaleikfimi kl: 11.00.

5. maí Jóga/hláturjóga kl: 11.00.

5. maí Söngstund kl: 13.00.

6. maí Pútt í Risinu Eiðistorgi í samstarfi við Nesklúbbinn milli kl: 9.00 – 11.00.




SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

SNYRTUM GRÓÐUR VIÐ LÓÐAMÖRK

Fjölbreyttur garðagróður feugar umhverfi Seltjarnarness og veitir íbúum skjól í gördum sínu. Þar sem gróðurinn vex með með hverju árinu er nauðsynlegt að huga vel að því að hann vaxi ekki út þannig yfir að hætta sé af.



Gróður getur slegist í gangandi og hjólandi vegfarendur með tilheyrandi hættu á slysum. Einnig geta greinar skyggt á umhverðarmerki, götumerkingar eða götulýsingu.

Snyrta þarf gróðurinn og klippa þannig að umferð gangi greiðlega best er að gera það þegar tré og runnar eru ekki laufguð og greinabygging því vel sýnileg.

Stöndum saman um að minnka hættur í umhverfi okkar.

Steinunn Árnadóttir, garðyrkjustjóri
Sími: 8229 111



NES FRÉTTIR
www.borgarblod.is



Leikskóli á grænni grein

... fær grænfánann í sjöunda skipti

Nemendur og starfsfólk Leikskóla Seltjarnarness fengu á dögunum afhentan nýjan Grænfána í fjórða sinn, en þess má geta að Mánabrekka hafði áður fengið fánann þrisvar sinnum frá árinu 2004 þannig að þetta er í sjöunda skipti sem skólinn fagnar af þessu tilefni.

Caitlin Wilson, verkefnastjóri fyrir Skóla á grænni grein, afhenti fánann og viðurkenningu til leikskólans við hátíðlega athöfn. Börn og starfsfólk fögnuðu þessum áfanga með söng, þar sem lagatextar fjölluðu um náttúruna og umhverfi okkar. Nemendur af Ási og Bakka leiddu sönginn undir stjórn Sesselju Kristjánsdóttur. Börn af Ási og Bakka hjálpuðu svo Önnu Harðardóttur aðstoðarleikskólastjóra við að draga Grænfánann að húni, en Anna hefur haft umsjón með verkefninu í leikskólanum og séð um umhverfisfræðslu nemenda.

Í Leikskóla Seltjarnarness er umhverfismennt einn af áhersluþáttum í uppeldisstarfinu og skipar Grænfánaverkefnið þar stóran sess. Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákn um góða fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Fánann fá skólar í kjölfar verkefna sem er ætlað að efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál.

Verkefnið efla þekkingu nemenda og skólafólks og styrkja grunn að því að tekin sé ábyrg afstaða og innleiddar raunhæfar aðgerðir í umhverfismálum skóla.

Í umsögn Landverndar til Leikskóla Seltjarnarness segir: Skólinn stendur sig vel í verkefninu og er að vinna mjög gott starf. Nemendur og starfsfólk eru virk innan verkefnisins og er umhverfisstarfið orðið rötgróid í starfi skólans.



**KOMDU MEÐ BÍLINN Í
FRÍA TJÓNASKOÐUN**

Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokkis tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðskipti
Skiptum um framrúður og önnumst annars konar rúðskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bíl.



Mössun / snyrting á lakki
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og málning
Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústara kröfur.



Bílaþvottur / djúphreinsun
Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bön ofl. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / áklæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slittflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is



Vortónleikar Selkórsins



Vortónleikar Selkórsins verða sunnudaginn 7. maí nk. í Seltjarnarneskirkju kl. 16:00 og æfir kórinn nú af kappi fyrir tónleikana.

Að þessu sinni syngur kórinn ýmis gullfalleg lög bæði innlend og erlend og einnig lög tengd Írlandi, en þangað er förinni heitið í tónleikaferð nú í byrjun júní. Á Írlandi mun kórinn halda þrenna tónleika, í Dublin, Galway og Cork. Kórinn hefur á undanförunum árum sungið víða erlendis, síðast árið 2015 í Skotlandi, en þar hélt kórinn sömuleiðis þrenna tónleika.

Selkórinn var stofnaður árið 1968, upphaflega sem kvennakór, en frá árinu 1976 hefur hann starfað óslitið sem blandaður kór. Kórinn heldur jóla- og vortónleika árlega, að jafnaði í Seltjarnarneskirkju. Einnig hefur kórinn haldið tónleika í Hörpu, sungið með Sinfóníuhljómssveit Íslands, Sinfóníuhljómssveit áhugamanna og fengið til liðs við sig einsöngvara og hljóðfæraleikara, allt eftir því hvert viðfangsefni kórsins hefur verið.

Miðaverð á tónleikunum er kr. 1.500. og miðar fást hjá kórfélögum og við innganginn.

Neshlaup

Trimmklúbbs Seltjarnarness

Neshlaupið verður laugardaginn 6. maí
Ræst kl. 11 við sundlaug Seltjarnarness



Þrjár valkostir: 3,25km, 7,5km og 15km með tímatöku.

Forskráning er opin á hlaup.is fram til kl. 21:00 föstudaginn 5. maí.

Afhending hlaupagagna og skráning á staðnum fer fram í íþróttahúsi Seltjarnarness frá kl. 09:00 - 10:30 á hlaupadaginn.

Fritt fyrir börn og ungmenni (fædd 2001 eða síðar) Þátttökugjald fyrir fullorðna er 1.500 kr. Neshlaupið er fjölskylduvæn skemmtun og hvetjum við foreldra og skólabörn sérstaklega til þátttöku en allir geta valið sér vegalengd við hæfi.

Fjölmarginir útdráttarvinningar



Fimmtudaginn 27. apríl á Eiðistorgi og Bókasafni Seltjarnarness

- Kl. 10-19 Gallerí Gróttá – Sýningaropnun *Þetta vilja börnin sjá!*
- Kl. 15-19 Bókasafn Seltjarnarness – 3 D prentun
- Kl. 15-17 Bókasafn Seltjarnarness – Vísindasmiðja HÍ
- Kl. 17-19 Gallerí Gróttá - Blöðrulistamaður

Dagskrá á Eiðistorgi hefst kl. 17.00

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson setur hátíðina. Kynnir er sjónvarpskonan kunná **Sigyn Blöndal**.

Fram koma Lúðrasveit Tónlistarskóla Seltjarnarness, Forskóli Tónlistarskólans hópar I og II, Freestyle dansarar úr Való, Stjúpmæður úr MH, Samfésfulltrúar Selsins og leikarar úr **Bugsy Malone** sýningu Való.

Börn úr leikskóla- og grunnskóla Seltjarnarness sjá um að glæða torgið lífi með litríkum skreytingum. **Trúður** skemmtir á torginu, **Húlladúlla** verður með sýnikennslu og **blöðrulistamaður** leikur listir sínar. **Ísbúðin Arna býður ókeypis ís** fyrir börn 15 ára og yngri frá kl. 17-19.



SELTJARNARNESBÆR

Sumarkoma á Seltjarnarnesi

Fjölskyldudagurinn í Gróttu um helgina

Fjölskyldudagurinn í Gróttu er ein traustasta vísbending þess að sumarið sé á næsta leyti. Fjölskyldudagurinn að þessu sinni verður haldinn hátíðlegur laugardaginn 29. apríl frá og hefjast hátíðahöldin kl. 13:30 og standa til 15:30. Tímasetning Gróttudagsins er breytileg frá ári til árs, sem helgast af flóði og fjöru, en aðeins er hægt að fara út í Gróttu tvisvar sinnum á sólarhring nokkra tíma í senn.

Gróttuvitinn er eitt helsta aðdráttaraflíð á Gróttudeginum en þetta er eini dagur ársins þar sem gestum og gangandi er boðið að ganga upp í vitann og njóta hins óviðjafnanlega útsýnis þegar efst er komið. Inni í vitanum leikur tréblásarakvartett frá Tónlistarskóla Seltjarnarness líflega balkantónlist.

Sérstök hönnunarsýning verður sett upp í vitavarðarhúsinu í til efni af deginum, en sýningarstjórn er í höndum Sigríðar Hjaltadal Pálsdóttur. Á sýningunni getur að líta muni eftir Bybibí, Dögg

design, Gullsmiðir Erling – Helga Ósk, HAF studio, Skötu og Varpið, en hönnun þeirra tengist á einn eða annan hátt hafinu og lífríki sjávarins. Meðal þess sem boðið verður upp á fyrir alla fjölskylduna er útijóga með Ragnheiði Ýr Grétarsdóttur, flugdrekasmíðu með Ágústu Nielsen og andlitsmálun auk þess sem Porkell Heiðarsson lífræðingur og sviðsstjóri Fjölskyldu- og húsdýragarðsins aðstoðar gesti við að rannsaka og greina lífríkið sem finna má í fjörunni við Gróttu. Hin ástsæli söngvari og skemmtikraftur Valgeir Guðjónsson mun flytja vel valin lög í Fræðasetrinu og harmonikkuleikarinn snjalli, Bjarki Harðarson, þenur nikkuna undir berum himni. Allir geta keypt vöflur og kaffi á sanngjörnu verði sem Soroptimistar á Seltjarnarnesi sjá um. Sala fer fram í Albertsbúð og fræðasetrinu. Ef veður og vindar leyfa munu hreystimenni úr Björgunarsveitinni Ársæli sýna sjöbjörgun fyrir utan Gróttu og



Fjölskyldudagurinn í Gróttu hefur notið vinsælda síðustu ár.

klifurmeistarar úr Klifurhúsinu klífa niður vitann og bregða á leik. Og þá má geta þess að tilvalið er að taka með sér fötu og skóflu og safna dýrgripum úr fjörunni; kuðungum, skeljum og kröbbum eða öðru því sem þar kann að leynast. Félagar úr Björgunarsveitinni

Ársæli munu sjá um að ferja gesti yfir eiðið. Í Albertsbúð verður sumri fagnað með vorsöngvum, harmónikkuleik og stuttri hugvekjum í umsjá sr. Bjarna Þórs Bjarnasonar og Friðriks Vignis Stefánssonar, organista. Stundin í Albertsbúð hefst kl. 13.15.

Vilja reisa sambýli við Kirkjubraut

Ætlunin er að sambýli fyrir fatlað fólk muni rísa við Kirkjubraut á Seltjarnarnesi.

Bæjarráð hefur lagt til að skipulagðar verði tvær lóðir við Kirkjubrautina þar sem umrædd bygging verði reist. Ekki liggur fyrir hvenær hafist verður handa við byggingu sambýlisins en málinu hefur þegar verið vísað til umsagnar í skipulags- og umferðarnefnd og umhverfisnefnd.



Fyrirhugað sambýli mun rísa við hlið Seltjarnarneskirkju.



Það er einfalt að flokka plastumbúðir á Seltjarnarnesi

Pokar fyrir plastumbúðir fást íbúum að kostnaðarlausu í íþróttamiðstöðinni

- 

1 Skolið umbúðir svo ekki komi ólykt við geymslu
- 

2 Stafflið þeim saman svo þær taki minna pláss
- 

3 Setjið umbúðirnar í pokann og bindið fyrir þegar hann er fullur
- 

4 Setjið pokann í gráu tunnuna fyrir almennt sopp

Við flokkum pokana svo frá öðrum heimilisúrgangi í móttökustöð SORPU og komum plastinu í endurvinnslu

Nýjstu fréttir af verkefnum má finna á facebook.com/plastsofnun

SORPA

Mundo flytur sig um set á Eiðistorgi

Það var fyrir rétt rúmu ári sem ég gekk inn á Eiðistorg í leit að húsnæði. Ég var á leið á fund í Innovation House á efstu hæð þar sem ég vonaðist eftir að fá skrifstofuhúsnæði. Á leiðinni upp sá ég rými við hliðina á Vínbúðinni og sagði við sjálfa mig: "Hingað verð ég komin eftir ár! Og viti menn! Hingað er ég komin!" segir Margrét Jónsdóttir Njarðvík stofnandi og eigandi ferðaskrifstofunnar Mundo.

Ferðaskrifstofan flutti nýverið á jarðhæð Eiðistorgs við hliðina á Vínbúðinni. Mundo sérhæfir sig í öruggri alþjóðlegri reynslu fyrir unglínga - skiptinámi og sumarbúðum á Spáni - sem og innihaldsríkum ferðum fyrir fullorðna. Má þar nefna ferðir um Jakobsveg, ferðir til Íran, Perú og Ekvador sem og fjölmargar aðrar ferðir sem innihalda menntun, skemmtun, menning og þjálfun.

Miði á hurð

Miði á hurð Mundo vekur athygli. Þar segir: Bíddu! Ekki fara strax! Mundo er alls ekkert venjuleg ferðaskrifstofa. Stundum eru allir



Ferðaskrifstofan Mundo er flutt á jarðhæð Eiðistorgsins við hliðina á ÁTVR.

starfsmenn í ferðum eða að vinna heima hjá sér og þá er enginn við. Það sem er víst er að við svörum alltaf í síma. Taktu upp tólið og ræddu við okkur eða sendu póst á mundo@mundo.is - Margrét sími 6914646, Birna sími 7884646 og Silja sími 7834646.

Nýir tíma á vinnumarkaði

Aðspurð segir Margrét að

þetta sé til vitnis um nýja tíma á vinnumarkaði. Starfsmenn Mundo miða alla sína vinnu við árangur í starfi en ekki viðveru í klukkustundum. Stundum hentar einfaldlega betur að vinna heima hjá sér og aðrar stundir eru allir starfsmenn í ferðum. Engu að síður býður Mundo alla hjartanlega velkomna í heimsókn í nýtt húsnæði á Eiðistorgi.



Margrét Jónsdóttir Njarðvík stofnandi og eigandi ferðaskrifstofunnar Mundo.

PC og Apple tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna



Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is



Gróttuviti opinn

Tréblásarakvartett frá Tónlistarskóla Seltjarnarness leikur lífflega balkantónlist í vitanum.

Velkomin á fjölskyldudag í Gróttu Laugardaginn 29. apríl kl. 13.30-15.30

Fjölbreytt dagskrá

Útjóna · Flugdrekasmíðja · Andlitsmálun · Vöflukaffi

Porkell Heiðarsson líffræðingur og sviðsstjóri Fjölskyldu- og húsdýragarðsins aðstoðar gesti við að rannsaka og greina lífríkið sem finna má í fjörunni við Gróttu.

Valgeir Guðjónsson flytur vel valin lög og **Bjarki Harðarson** þenur nikkuna undir berum himni.

Hugvekja og **harmonikkuleikur** í Albertsbúð kl. 13.15.

Ef veður og vindar leyfa munu hreystimenni úr **Björgunar-sveitinni Ársæli** sýna sjóbjörgun fyrir utan Gróttu og **klifurmeistarar** úr **Klifurhúsinu** klífa niður vitann og bregða á leik.

Félagar úr **Björgunarsveitinni Ársæli** munu sjá um að ferja gesti yfir eiðið.

Opið er út í Gróttu frá kl. 13-16:30.



Hönnunarsýningin Flæði í vitavarðarhúsinu

Bybibí, Dögg design, Gullsmíðir Erling – Helga Ósk, HAF studio, Skata og Varpið.



Viðtal við Elínu Smáradóttur formann Gróttu

Gróttta 50 ára

Dagana 24. til 29. apríl verður mikið um dýrdir á Seltjarnarnesi. Tilefni hátíðahaldanna er 50 ára afmæli íþróttafélagsins Gróttu. Afmælishátíðin hófst með hátíðardagskrá í Hertz höllinni mánudaginn 24. apríl. Þá verður diskótek fyrir krakka föstudaginn 28. apríl, og daginn eftir á laugardegnum 29. verður m.a. Afmælis-Zumba í Hertzhöllinni kl. 14. Afmælisdagskránni lýkur síðan á laugardagskvöldinu með risa Palla-balli með Páli Óskari Hjalmtýssyni. Nesfréttir settust niður með Elínu Smáradóttir formanni Gróttu í tilefni þessara tímamóta.

Elín er í fyrstu innt eftir hvað sé framundan á þessum tímamótum í sögu Gróttu. Hún segir að helstu viðfangsefni aðalstjórnar séu nú sem fyrr að halda vel utan um rekstur íþróttafélagsins og íþróttamannvirkjanna sem félaginu hefur nýlega verið treyst fyrir. Þá þurfi einnig að fylgja eftir þeim úrbótum á íþróttamiðstöðinni, sem á að fara að ráðast í. Hún segir ljóst að mikið álag muni verða á starfsfólki og iðkendum á meðan framkvæmdum við íþróttamiðstöðina stendur þar sem um talsvert rask verði að ræða. „Í mínum huga er þó ljóst að allir erfiðleikar gleymast þegar vinnan verður að baki og ný og endurbætt aðstaða verið tekin í notkun.“

Samkomulag Seltjarnarnes-bæjar og Reykjavíkurborgar

Elín segir að Gróttta fagni ákvörðun um endurbætur á íþróttamiðstöð bæjarins. „Þann 13. desember á liðnu ári skrifaði



Elína Smáradóttir formaður aðalstjórnar Gróttu.

Seltjarnarnesbær undir samkomulag við Reykjavíkurborg um þátttöku borgarinnar í rekstri endurbættis húsnæðis fyrir fimleika. Borgin mun taka þátt í að greiða fyrir aðstöðu þá sem fimleikaiðkendar úr Reykjavík njóta hjá Gróttu, en um 80% þeirra koma úr Reykjavík. Með þessu samkomulagi skapaðist grundvöllur fyrir gagngerar endurbætur á íþróttamiðstöðinni og gert er ráð fyrir að þær hefjist í haust. Ég tel það mikið fagnaðarefni að nú hylli undir bættu aðstöðu fyrir fimleika- og handboltafólk félagsins. Það er einnig afar ánægjulegt að skipt var

um gervigras á knattspyrnuvællinum á liðnu sumri og ég heyrði að nýja gervigrasið þyki afar gott og að mikill munur sé á aðstöðu til knattspyrnuíðkunar eftir að það kom.

Á liðnu hausti var unnið að nýjum styrktarsamningi á milli Seltjarnarnesbæjar og Gróttu. Sá samningur tók gildi um síðustu áramót og nær til loka ársins 2019. Með nýja samningnum hækka fjárframlög til Gróttu og er markmiðið með honum að tryggja öflugt og fjölbreytt íþróttastarf á Seltjarnarnesi og efla og gera gott starf enn betra.“

Frá Kópavogi til Seltjarnarness

En hver er Elín Smáradóttir? Er hún Seltirningur að uppruna? „Nei – ég er aðflutt og tengingu mín við Gróttu má rekja til þess að börnin okkar fóru að stunda íþróttir með félaginu. Ég er ættuð úr Kópavogi og ólst þar upp. Móðir mín var Hulda Finnbogadóttir dóttir Huldu Jakobsdóttur og Finnboga Rúts Valdimarssonar sem voru frumbyggjar í Kópavogi og gegndu bæði bæjarstjórnastöðu þar á árum áður. Móðir mín átti einnig sæti í bæjarstjórninni í Kópavogi um tíma. Faðir minn er Smári Sigurðsson, sonur Sigurðar Júlíusar Sigurðssonar og Sigurbjargar Erlendsdóttur. Hann starfaði hjá lögreglunni í Kópavogi, síðar hjá Interpol og ríkislögreglustjóra. Ég bjó í Vesturbænum í Reykjavík eftir að ég stofnaði eigið heimili og þaðan á Seltjarnarnes. Það gerðist árið 2005 en þá fjölgaði í fjölskyldunni og við þurftum stærra húsnæði. Við fundum ekkert í Vesturbænum á þeim tíma sem hentaði okkur. Það litla sem var þar til sölu var svo dýrt að ekkert vit var í að festa kaup á því í þeirri fasteignabólu sem var á þeim tíma. Þótt Seltjarnarnes sé ekki talið með ódýrari svæðum þegar verð á fasteignum er annars vegar þá vikkudum við leitarsvæðið vestur fyrir borgarmörkin og fundum á endanum hús við Látraströndina. Þessi hús voru byggð á árunum 1968 til 1970 og nærri fjórum áratugum síðar voru mörg þeirra komin á umtalsvert viðhaldsstig. Þarna festum við kaup á húsi á viðráðanlegu verði og settum ekkert

Arna

is- og kaffibar

Opið virka daga 9 - 21 og helgar 10 - 21.
Eiðistorgi 15 (þar sem Blómastofan var áður)
facebook.com/arnaisogkaffi



fyrir okkur að þurfa að taka til hendinni innan dyra og utan.“

Gott að ala upp börn og fólk kemur aftur

Hvernig var að vera komin á Nesið? - Bygð sem stundum hefur verið líkt við þorp með sveitalegu yfirbragði. „Það voru í sjálfu sér engin viðbrigði fyrir okkur. Ég er uppalin í Kópavogi og maðurinn minn, Hjalti Nielsen, er ættaður frá Seyðisfirði. Við erum sitt úr hvorri áttinni og utanbæjarfólk að uppruna. En það sem mér finnst einkennandi fyrir Seltjarnarnes er hversu bæði umhverfið og mannlífið er gott til þess að ala börn upp. Þetta er lítið svæði og allar tengingar í daglegu lífi krakkanna eru mjög góðar. Við vorum með þrjú börn; níu ára, sex ára og eitt á leiðinni þegar við komum hingað. Sá yngsti þekkir því ekkert annað en að alast upp á Seltjarnarnesi og hin voru ung þegar þau fluttust hingað. Ég hef veitt því athygli að fólk sem hefur alist upp hér á Nesinu leitar hingað aftur. Til dæmis eftir að hafa flutt burt vegna náms, atvinnu eða af öðrum ástæðum. Sérstaklega þegar það er sjálft komið með börn þá leitar hugurinn á gömlu

æskulóðirnar. Ég held að fólk myndi ekki hugsa svona ef því hefði ekki líkað vel í uppveixinum.“

Góð samfella í skóla- félags- og íþróttastarfi

Elín segir vel haldið utan um æskuna á Seltjarnarnesi. Góð samfella sé í skóla-, félags- og íþróttastarfi. Smæð samfélagsins auðveldi það. Stutt er á milli skólustarfs og annars sem börnin stunda; félagslíf, tónlistarnám og íþróttastarfi. „Þetta er allt innan seilingar hvað við annað og dagurinn hjá krökkunum er í flestum tilfellum samfelldur. Þau þurfa ekki að vera á þönum á milli staða og foreldrar ekki eins bundnir af því að skutla krökkum og í stærri byggðum. Krakkarnir fara á æfingar beint eftir skóla. Tónlistarskólinn er líka vel tengdur við annað skólalífið og mörg börn eru í tónlistarnámi. Ég tel á engan hallað þótt ég nefni Kára Húnfjörð skólustjóra tónlistarskólans sérstaklega. Hann er þyngdar sinnar virði í gulli fyrir samfélagið. Hann hefur byggt skólann upp ásamt öðrum og á alveg sérstakan heiður skilið fyrir lúðrasveitina sem hann hefur annast eins og barnið sitt í áratugi. Hann

fer með krakkana í æfingabúðir og starfið með lúðrasveitinni er skemmtilegur hluti af tilveru margra krakka auk þeirrar þekkingar sem þau öðlast í tónlistinni. Það hefur margt tónlistafólk alist upp hér á Nesinu og þar á Kári sinn hlut að máli. Ég get líka nefnt Selið. Þar hefur verið unnið mjög gott starf með börnum og ungmennum í gegnum árin. Foreldraröltið hefur einnig skilað sínu. Það hefur forvarnagildi og nú sést tæpast krakki á rölti eða í reiðileysi og kannanir sýna að neysla vímuefna finnst varla á meðal ungmenna á Seltjarnarnesi, ekki einu sinni tóbaksreykingar sem er breyting frá því sem áður var. Ég man að þegar ég var krakki í Vígólaskóla í Kópavogi reyktu flestir eldri krakkar á skólalóðinni. Það voru allt önnur sjónarmið þá og eflaust hefur þetta legið eitthvað eftir hverfum. Það virðist koma upp ákveðin stemmning í krakka- og unglingahópum. Okkur hefur tekist að halda neyslunni niðri hér á Nesinu og það má kannski segja að í okkar litla samfélagi og því öflugra uppeldisstarfi og félagslífi sem hér fer fram séu krakkarnir svolítið „vafin inn í bómull“. Það er stundum smá stökk fyrir þau að fara í framhaldsskóla. Fara úr heimabyggðinni

og í annað skólaumhverfi – á annað skólastig á sama tíma en þá skiptir máli að þau séu vel undirbúin.

Fannst eðlilegt að gefa eitthvað til baka

En hvernig stóð að því að Kópavogsstúlkan kom til liðs við Gróttu og gegnir nú formennsku í félaginu. „Ég var beðin um að taka þátt í stjórnarstörfum í félaginu. Í fyrstu vildi ég blása á þessa hugmynd. Fannst að frekar ætti að leita til annarra en svo fór ég að hugsa málið frá öðru sjónarhorni. Allir krakkarnir okkar hafa stundað íþróttir með félaginu. Þau hafa verið meira og minna í fleiri en einni íþróttagrein og komið við í öllum deildum félagsins. Þau hafa bæði haft gagn og gaman af þessu. Ég fór að hugsa um hvað við værum búin að þiggja mikið af félaginu og nú væri komið að mér að gefa eitthvað til baka fyrir það sem þau hafa fengið að njóta. Ég ákvað að slá til og er nú að hefja þriðja árið eftir aðalfund sem haldinn var á dögunum. Ég held að með nýjum styrktarsamningi við Seltjarnarnesbæ og ákvörðun um endurbætur á íþróttastöðunni, þá sé framtíð Gróttu björt. Við sem erum í forystunni viljum gera okkar besta.“

www.n1.is

facebook.com/enneinn



Rúllaðu inn í sumarið á nýjum dekkjum

Pantaðu tíma fyrir dekkjaskiptin á www.n1.is



Michelin CrossClimate

Sérhönnuð fyrir norðlægar slóðir. Dekk sem henta margbreytilegum íslenskum aðstæðum sérlega vel og veita frábæra aksturseginnleika.



Michelin Energy Saver

Margverðlaunuð fyrir veggrip, endingu og eldsneytissparnað.



Michelin Primacy 3

Einstakir aksturseginnleikar. Frábært grip og góð vatnslosun. Ein bestu sumardekkinn á markaðnum í dag.

Hjólbarðapjónusta N1

Bildshöfða 440-1318
Fellsmúla 440-1322
Réttarhálsi 440-1326
Ægisiðu 440-1320

Langatanga Mosfellsbæ 440-1378
Reykjavíkurvegi Hafnarfirði 440-1374
Grænásbraut Reykjanesbæ 440-1372
Dalbraut Akranesi 440-1394
Réttarhvammi Akureyri 440-1433

Opið
mán – fös kl. 08-18
laugardaga kl. 09-13
www.n1.is

Hluti af vorinu



Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.



Kristín Claessen sem býr á Skólabrautinni hefur spilað lomber í 75 ár. Hún situr fyrir neðan mynd sem heitir Lomberspilararnir, sem hangir uppi í setustofunni á Skólabrautinni, íbúðum aldraðra.

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími 511 1188

Við sendum heim!

17" RISA NEW YORK PIZZA

frá kr. **1.990**



5.14.14.14

JL-HÚSIÐ KRINGLAN SMÁRALIND



Margt að gerast í Tónlistarskólanum

Eitt og annað hefur drifið á daga Tónlistarskólans nú á vordögum. Fyrir utan venjubundna tónleika sem haldnir eru á þriggja vikna fresti þá var Degi Tónlistarskólanna gert hátt undir höfði. Þessi dagur er haldin á landsvísi en misjafnt hvað tónlistarskólar gera mikið úr þessu degi.

Á Nesinu var opið hús frá kl. 14:00 til 16:00 og var margt um manninn, mikil og stór dagskrá. Gestir og flytjendur voru á þriðja hundrað. Fram komu sólistar og smærri samspil í tónleikasalnum og síðan ýmskonar hljómsveitir í æfingasalnum. Foreldrafélag skólalúðrasveitarinnar sá um kaffi og kökulaðborð þar sem gnótt af kræsingum voru seldar eru til fjáröflunar fyrir skólalúðrasveitina. Þessi blanda af tónlist og kaffihúsastemningu hefur reynst afar vel í gegnum árin og fólk látið vel af.

Spiluðu í safninu á safnanótt

Á safnanótt sem Bókasafn Seltjarnarnes stóð fyrir spiluðu flest allir blokkflautunemendur skólans nokkur lög fyrir gesti og gangandi. Einnig spilaði hljómsveit sem að



Ungir blokkflautuleikarar í Tónlistarskóla Seltjarnarnes.

hálfu leyti var skipuð kennurum hér úr skólanum fyrir gesti Safnanætur.

Tók þátt í SAMFÉS

Í mars vorum við með samspilstónleika þar sem nemendur spreyttu sig á ýmskonar samspili bæði hefðbundnu sem óhefðbundnu. Þetta hefur verið hefð í skólanum um margra ára skeið og hafa sprottið uppúr þessu allskonar "grúbbur" sem jafnvel hafa haldið áfram að æfa saman. Hljómsveit sem

starfrækt er í skólanum tók þá í söngvakeppni SAMFÉS og gekk þeim gríðarlega vel í keppinni.

Æfingabúðir í mars

Lúðrasveitin fór í æfingabúðir í marsmánuði. Jafnan er mikið eftirvænting fyrir ferðum þessum sem farnar eru á hverri önn. Það ríkir mikil spenna t.d. fyrir því hvert verður farið og hve lengi verður gist, hvar verði farið í sund og hvernig tónlist verði

æfð. Í þessum ferðum er sá háttur hafður á að foreldrar koma með og sjá um matargerð og gæslu á milli þess sem æft er. Tónleikar lengra komina nemenda eru nýafstaðnir, þar spreyta sig þeir nemendur sem lengst eru komnir í náminu og er jafnan mikil eftirvænting eftir þessum tónleikum. Tónleikarnir tókust í alla staði mjög vel eins og endra nær. Þá má nefna að píanisti frá skólanum sem tók þátt í Nótunni þetta árið stóð sig með einstakri þryði.

Barnamenningarhátíð og vortónleikar

Framundan er Barnamenningarhátíð 27. apríl sem haldin veður á Eiðistorgi. Þar mun forskóli eitt og tvö munu koma fram og leika og syngja nokkur lög fyrir gesti. Mikill og langur undirbúningur hefur staðið yfir fyrir þennan viðburð og mikil spenna í krökkunum. Vortónleikar skólans verða aðra helgina í maí, áður en vorpróf taka við. Af þessu má sjá að það er heilmikið um að vera í Tónlistarskólanum og vert að geta þess að nú stendur yfir innritun í skólann fyrir næsta skólaár.



Í traustum höndum á Óðinsgötu 1



HUGLEIÐSLA ÁRSINS ER FLOT!

Förum dýpra inni í slökun og hugleiðslu. Flothettan nú fánlegum í fjórum litum/munstrum:

Blá Svört

Blá munstruð eftir Sigga Eggerts
Blá munstruð eftir Sigga Odds

Verð: 16.400 kr.

Líka í netsölu á www.systrasamlagid.is



MANDUKA skara fram úr!

PRO, PROlite
eKO, eKOLite,
eKO fisléttar
og fylgihlutir.

MÖNTRU ARMBÖND!

Silfruð, gyllt
& rósagull.

NÝ SENDING KOMIN
TIL LANDSINS.

DRAUMA-SAMFESTINGURINN!

2 litir, 2 snið – allar stærðir

Lífræn, sterk
"Fair Trade" bómull.

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK

Ný heimasíða: www.systrasamlagid.is
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Mán. - fös.: 9 - 18.

Laugardagar: 10 - 16.

Opið á skírdag og laug 15/4 frá 11-16.

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Dagskrá félagsstarfs eldri bæjarbúa hefur verið fjölbreytt undanfarnar vikur. Lionsklúbbur Seltjarnarness bauð í félagsvist þriðjudagskvöldið 14. mars og var það vel sótt, en Lions og Vörðukonur hafa það fyrir fastan viðburð á hverju ári að bjóða eldri borgurum í félagsvist og hefur þeim ávallt verið tekið fagnandi og hafi þessir hópar bestu þakkir fyrir.

Fimmtudaginn 16. mars áttum við þess kost að sjá forsyningu á söngleiknum um ævi og feril Ellýar Vilhjálm. Eldri Nesbúar fjölmenntu á sýninguna og var það einróma álit þeirra að sýningin hafi verið alveg stórkostleg og einstök upplifun. Miðvikudagskvöldið 29. mars bauð Ungmennaráðið í heimsókn í félagsmiðstöðina sína Skelina. Margt skemmtilegt var brallað það kvöld, m.a. bíó og matreiðsla. Þriðjudaginn 4. apríl var nokkuð óhefðbundin „óvissuferð“, en þá fórum við í nágrannaheimsókn á Eiðistorg. Í þetta skipti heimsóttum við sjónvarpsstöðina Hringbraut þar sem Helgi Pétursson tók á móti hópnum og leiddi í gegnum aðstöðuna og sagði frá starfsemi. Þaðan var farið upp á næstu hæð í Örnú ís-og kaffibar þar sem sem boðið var upp á glæsilegar veitingar í notarlegu umhverfi. Sendum við þessum aðilum okkar bestu þakkir fyrir góðar móttökur.

Í framhaldi af þessari heimsókn hafa skapast umræður um að það mætti heimsækja önnur fyrirtæki á Eiðistorgi og verður það örugglega skipulagt á næstu mánuðum. Þegar þessar línur eru ritaðar er páska hátíðin framundan en það hefur skapast sú hefð að halda páskaeggjábíngó í safnaðarheimili kirkjunnar á mánudagskvöldi í dymbilvikunni sem nú ber upp á 10. apríl. Þessi viðburður hefur ávallt verið mjög vel sóttur af bæði ungum og öldnum og verður það örugglega einnig nú.

Framundan í starfinu okkar fyrir utan föstu liðina er: **Vorfagnaður í salnum á Skólabrautinni fimmtudaginn 27. apríl kl. 19.30.**

Grillvagninn mætir með matinn, við syngjum saman og dönsnum, fáum til okkar

bæði píanóleikara og harmonikkuleikara og eitthvað fleira verður til skemmtunar. Skráningarblöð liggja frammi á Skólabrautinni og einnig má skrá og nálgast upplýsingar í síma 893 9800.

Heilsudagar á Seltjarnarnesi verða svo dagana 4. - 6. maí. Þar ætlum við að vera þátttakendur og bjóða almenningi að fylgjast með starfinu okkar þessa daga, en við lítum svo á að allt félags- og tómstundastarf stuðli að bættri andlegri og líkamlegri heilsu. Þjálfun hugar og handa ásamt almennri hreyfingu eru megin áherslupættir í öllu okkar starfi sem svo aftur hefur ákveðið forvarnargildi og kemur í veg fyrir félagslega einangrun.

Þátttaka okkar er fölgin í eftirfarandi: Aðstaða félagsstarfs eldri bæjarbúa er að Skólabraut 3-5 og í tilefni af heilsudögum 4.-6. maí verður opið hús í félagsaðstöðunni.

Á fimmtudeginum 4. maí verður kaffírókurinn opinn frá kl. 10.30.

Jógaleikfimi í salnum kl. 11.00.

Félagsvist í salnum kl. 13.30.

Á föstudeginum 5. maí

Jóga/hláturjóra kl. 11.00

Söngstund kl. 13.00.

Á laugardegnum 6. maí í samvinnu við golfklúbbinn er boðið á þúttvöllinn í Risinu á Eiðistorgi milli kl. 9.00 og 11.00.

Allir hjartanlega velkomnir og fólk er hvatt til að fjölmenna og kynna sér aðstöðuna og starfið.

Sameiginleg ferð félagsstarfsins og kirkjunnar verður þriðjudaginn 16. maí nk. Skráningarblöð með öllum upplýsingum liggja frammi á Skólabraut og í kirkjunni.

Árleg handverkssýning verður í salnum á Skólabrautinni dagana 25. - 27. maí. Þar sýna allir þeir sem tekið hafa þátt í námskeiðum og öðru handverki á vegum félags og tómstundastarfsins í vetur, en undanfarnir ár hefur á þessum sýningum verið mjög fjölbreytt, áhugavert og fallett handverk. Nánar auglýst þegar nær dregur.

UMHVERFISHORNID

Fugl mánaðarins - Margæs



Margæsa hjón við Bakkatjörn.

Margæsin setur sterkan svip á fuglalíf á Seltjarnarnesi á vorin, þó hún sjáist einnig á haustin. Hún er umferðarfugl eða fargestur og kemur hér við á leið milli varpstöðva á Íshafseyjum Kanada og vetrarstöðva á Írlandi. Margæsin hefur hér viðdvöl í tvo mánuði á vorin en sá tími er afar mikilvægur fyrir fuglinn. Hann safnar fitu fyrir hið erfiða farflug yfir Grænlandsjökul og kvenfuglinn safnar jafnframt orku fyrir varpið. Það er enn vetur þegar fuglarnir koma á varpstað og gróður ekki farinn að spretta fyrr en ungar skríða úr eggjum. Margæsir eta bæði grænþörunga og marhálms í sjó og sækja í tún til beitar. Gæsirnar sækja t.d. á Leirur í Bakkavík, á golfvöllinn og túnin við Nes en hvílast síðan og baða sig á Bakkatjörn og á tjörninni í Dal. Yfir 500 fuglar hafa sést á Nesinu. Margæsirnar flakka milli Álftaness og Seltjarnarness og víðar um Innnesin.

Texti og mynd: Jóhann Óli Hilmarsson, johannoli.com



Rusl á ströndum

Umhverfisstofnun hóf að vakta rusl á ströndum hér á landi sumarið 2016 í samstarfi við sveitarfélög, landeigendur og fleiri aðila. Fyrirfram afmarkað svæði er vaktað reglulega á hverri strönd og allt rusl flokkað, talið og skráð í samræmi við aðferðafræði OSPAR. Megintilgangur vöktunarinnar er að komast að því hvers konar rusl safnast fyrir á ströndum, reyna að finna uppruna þess og að fjarlægja ruslið. Um er að ræða strandir í Surtsey, Bakkavík á Seltjarnarnesi, Búðavík á Snæfellsnesi og á Rauðasandi á sunnanverðum Vestfjörðum. Tvennt er alláberandi en það eru eyrnápinna og blautþurrkur og eru bæjarbúar hér með beðnir um að fleygja eyrnápinnum og blautþurrkum ekki í salerni. Jóhanna B. Weissappel sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun sendi okkur þessar upplýsingar, en á myndinni hér að ofan má sjá starfsmann UST ásamt Steinunni Árnadóttur garðyrkjustjóra.

F.h. umhverfisnefndar,
Margrét Pálsdóttir, formaður

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er



Sverrir Einarsson



Kristín Ingólfssdóttir

www.utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Barnameningarhátíðin á fimmtudaginn

Blásið verður til Barnameningarhátíðar Seltjarnarness fimmtudaginn 27. apríl og eru allir boðnir velkomnir. Hátíðin fer fram á Eiðistorgi, í Bókasafninu og Gallerí Gróttu en um eitt hundrað börn koma fram á hátíðinni eða leggja henni lið á einn eða annan máta.

Eiðistorgið verður fært í sérstakan hátíðarbúning en það er forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson sem mun setja hátíðardagskránnu formlega kl. 17. Kynnir er sjónvarpskonan kunna Sigyn Blöndal. Hátíðin hefst með formlegum hætti þegar sýningin Þetta vilja börnin sjá! Verður opnuð í Gallerí Gróttu kl. 10 um morguninn. Þar getur að líta myndir eftir 24 myndskreyta úr 32 barnabókum sem komu út árið 2016. Frá klukkan 15 verður hægt að fylgjast með 3D prentun frá Hlutprent í Bókasafninu og á sama tíma hefst þar Vísindasmiðja Háskóla Íslands og stendur til kl. 17. Í Gallerí Gróttu verður svo hægt að fylgjast með blöðrulistamanni leika listir sínar frá kl. 17.



Líf og fjör á Eiðistorgi

Megin hátíðardagskráin verður á Eiðistorgi frá kl. 17. Þar verður Húlladúllan með sýnikennslu og trúður skemmtir gestum á torginu. Í tilefni af 50 ára afmæli íþróttafélagsins Gróttu verða skreytingar á torginu með myndum af félagsmönnum frá öllum tímum.

Á torginu verður líf og fjör frá kl. 17 til 19. Þar troða upp Lúðrasveit Seltjarnarness, stór hópur ungra flautuleikara og söngvara úr Tónó, stúlkbandið Stjúpmæðurnar sem urðu í 2. sæti í söngkeppni MH, Freestyle dansarar úr Való, Samféskeppendur og að lokum troða elstu bekkingar grunnskólans upp með atriði úr Bugsy Malone. Ísbúðin Arna býður öllum börnum upp að 15 ára aldri upp á ókeypis ís frá kl. 17 til 19.



Frá Tónlistarskóla Seltjarnarness

Nú stendur yfir innritun í
Tónlistarskóla Seltjarnarness
fyrir skólaárið 2017-2018.

Innritunin fer fram á
www.seltjarnarnes.is undir

Minar síður í hægra horni efst.

Nánari upplýsingar á skrifstofu skólans
alla virka daga frá kl. 11:00 - 15:00

Tónlistarskóli Seltjarnarness við Skólabraut
Sími 5959-235 •
tonlistarskolinn@seltjarnarnes.is

Skólastjóri

UMFERÐ HUNDA OG KATTA 2017



ORÐSENDING TIL HUNDA- OG KATTAEIGENDA

Að gefnu tilefni vill umhverfisnefnd ítreka að frá og með 1. maí til 15. júlí er með öllu óheimilt að vera með hunda á þeim svæðum sem tilgreind eru á þessu korti.

Kattaeigendur eru hvattir til að setja á þá bjöllu og halda þeim frá þessum svæðum sé þess nokkur kostur. Þetta er vegna varpfugla.

**HUNDABANN
GILDIR Í GRÓTTU ALLT ÁRIÐ**

LAUSAGANGA HUNDA ER **ALGERLEGA BÖNNUÐ** Á SELTJARNARNESI



Glæsilegur árangur Gróttustúlkna



Bikarmeistarar í 1. þrepi: Katrín, Sóley, Þórunn, Fjóla Guðrún og Laufey.

Gróttu sendi samtals sjö lið til keppni í fjórum þrepum á bikarmót FSÍ í áhaldafimleikum. Þrjú lið í 5. þrepi, tvö lið í 4. þrepi og eitt lið í 3. og 1. þrepi. Gróttu varð bikarmeistari í 1. þrepi, í liðinu voru þær Fjóla Guðrún Viðarsdóttir, Katrín Aradóttir, Laufey Birna Jóhannsdóttir, Sóley Guðmundsdóttir og Þórunn Anna Almarsdóttir.

Á Íslandsmóti í þrepum höfðu þrjátíu Gróttustúlkur unnið sér inn þátttökurétt en það er metfjöldi hjá félaginu. Þátttaka á mótinu er viðurkenning fyrir góðan árangur í vetur, því að einungis þeir sem hafa náð þrepinu sínu á keppnistímabilinu fá að keppa á mótinu. Sóley Guðmundsdóttir varð Íslandsmeistari í 1. þrepi, Laufey Birna Jóhannsdóttir varð í 2. sæti og Fjóla Guðrún Viðarsdóttir í 5. sæti. Arna Geirsdóttir varð í 2. sæti í 4. þrepi

13 ára og Margrét Lára Jónsdóttir varð í 3. sæti í 4. þrepi 12 ára.

Glæsilegur árangur hjá fimleikastelpum

Íslandsmótið í áhaldafimleikum fór síðan fram í Laugardalshöllinni 7. til 9. apríl en þar mátti sjá besta fimleikafólk landsins sýna glæsileg tilþrif. Gróttu átti fjóra keppendur á mótinu. Sóley Guðmundsdóttir varð í 4. sæti í fjölpbraut. Hún varð Íslandsmeistari unglinga á slá, í 4. sæti á tvislá og 5. sæti á gólfi. Fjóla Guðrún Viðarsdóttir varð í 7. sæti í fjölpbraut, í 4. sæti á slá og 5. sæti á stökki. Glæsilegur árangur hjá stelpunum á sínu fyrsta Íslandsmóti í frjálsum æfingum.

Við erum gríðarlega stolt af þessum árangri stúlkanna og þjálfurum þeirra og óskum þeim öllum til hamingju með árangurinn í vetur, segir í fréttatilkynningu frá Gróttu.

www.grottasport.is

Ævintýrlegur sigur

Gróttu vann Stjörnuna í fyrsta leiknum í undanúrslitum Íslandsmóts kvenna í handbolta eftir ævintýrlegan leik í Garðabæ.

Eftir tvær framlengingar var gripið til vítakeppni þar sem Gróttu skoraði úr fjórum vítum en Stjarnan úr tveimur af fjórum vítum sínum, og niðurstaðan var því 35:33 sigur Gróttu.

Í vítakeppninni skoruðu bæði lið úr fyrstu tveimur vítum sínum. Þórey Anna og Stefánía Theodórsdóttir klúðruðu svo sínum vítum og Selma Þóra Jóhannsdóttir markvörður Gróttu varði víti Helenar. Það var svo Lovísa Thompson sem tryggði Gróttu sigurinn með síðasta vítinu.



Bæði lið Gróttu fá nýjan þjálfara

Gunnar Andrésson er hættur sem þjálfari karlalíðs Gróttu í handknattleik, en hann hefur stýrt liðinu frá árinu 2013.

Þetta staðfestir hann við RÚV en samningur hans er að renna út. Hann segist jafnframt ætla að taka sér ársfrí frá þjálfun. Gróttu hafnaði í 8. sæti Olís-deildarinnar á liðinni leiktíð og féll svo úr leik í átta liða úrslitunum eftir viðureign við FH.

Það er því ljóst að bæði karla- og kvennalið Gróttu munu tepla fram nýjum þjálfurum á næsta tímabili en Kári Garðarsson, þjálfari kvennaliðsins, mun láta af störfum eftir tímabilið.



Gunnar Andrésson.



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

**Skautahöllin
er farin í
sumardvala
en opnar aftur
í september.**



LÍKAMI & LÍFSSTÍLL
NÝ VERSLUN
AUSTURSTRÖND 5
SELTJARNARNESI

VIRKIR DAGAR 10:00-18:00
LAUGARDAGA 11:00-14:00

SCI-MX
NUTRITION
ZS ZENSAH
COMPRESSION TECHNOLOGY



Ný sending af sundfatnaði - sundbolir, tankini, bikini og sundskýlur. TYR sundfatnaður er vandaður, saumaður úr Durafast efninu, sem er bæði klórpolið og lithelt. Skoðaðu úrvalið á www.aquasport.is

Aqua Sport
www.aquasport.is

Bæjarlind 1-3, 201 Kópavogur
sími: 5640035, aquasport.is

Trampólín á ferð og flugi

Tryggvi Korneliússon íbúi á Seltjarnarnesi sendi þessa fyrirspurn til annarra íbúa á Nesinu á facebook.

Ef einhver kannast við þetta trampólín? Þá má hin sami gjarnan koma og sækja það áður en það fer í gegnum rúðuna hjá okkur. Og vonandi eru allir búnir að binda niður allt lauslegt hjá sér t.d eins og trampólín. Vonandi kannast einhver við gripinn og fjarlægir hann frá dyratröppunum hjá Tryggva.

Eigandi trampólínsins er búinn að gefa sig fram og hyggst bjóða Tryggva í mat.



Eins og sjá má hefur trampólínið borist með veðri og vindum og sest að við húströppunnar hjá Tryggva Korneliússyni á Tjarnarstíg 30.



**HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN**

**TAKTU MEÐ
eða
BORDAÐU Á STAÐNUM**

flóru matar



SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinn er Ögmundur Kárason títugur trommari af Nesinu. Hann spilar í þremur hljómsveitum sem heita Volcanova, Kröstpönkbandið og Phlegm. Hann er búinn að vera að spila á trommur í um 10 ár. Ögmundur keppti í Músiktilraunum í ár ásamt hljómsveitinni sinni Phlegm og lentum þeir í öðru sæti og var Ögmundur valinn trommuleikari ársins.

Fullt nafn? Ögmundur Kárason.

Fæðingard. og ár? 3. júlí 1996.

Starf? Starfsmaður í apóteki.

Farartæki? Bill foreldra minna.

Helstu kostir? Uppfullur af fánýtum fróðleik.

Eftirlætis matur? Eitthvað sem mamma og pabbi elda.

Eftirlætis tónlist? Eitthvað sem inniheldur töff trommur.

Eftirlætis íþróttamaður? Ole Gunnar Solskjær.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið? Rick and Morty.

Besta bók sem þú hefur lesið? The Picture of Dorian Gray.

Uppáhalds leikari? Bella Ramsey.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Guffagrín.

Hvað gerir þú í fristundum þínum? Spila á trommur og hitti vini mína.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Paradísarfossar held ég, alla vega með fallegri nöfnum.



Hvað metur þú mest í fari annarra?

Að þau séu áhugaverð og ekki leiðinleg

Hvern vildir þú helst hitta?

Diogenes.

Uppáhalds vefsíða?

Youtube.

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?

Eitthvað sem ég get notað eins og t.d. trommudrasli.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir

5 milljónir í happdrætti? Örugglega bara kaupa helling af töff trommudrasli.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Örugglega nýta launin í að kaupa helling af trommudrasli.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Að gerast atvinnutónlistarmaður.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Ég fór á Secret Solstice og síðan til Kaliforníu.



GETRAUNANÚMÉR

GRÓTTU ER

170

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK



PALLABALLANESINU

LAUGARDAGINN 29. APRÍL

23:30 - 03:00

MÍÐASALA ER HAFIN Á TIX.IS
2500.- Á TIX.IS TIL 29. APRÍL
3500.- Á BALLDEGI OG VIÐ HURÐ



ALDURSTAKMARK 20 ÁR

